

ingslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfir-  
réttarmálaflutningsmanna Odds Gíslasonar og Eggerts-  
Claessen, 15 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja áður 8 vikur séu liðn-  
ar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaáðför.

Mánudaginn 12. okt.

Nr. 15 1914

Réttvísinn

gegn

Arna Friðriki Jónssyni

og

Kristjönu Guðmundsdóttur

Dómur:

Með aukaréttardómi Ísafjarðarsýslu uppkveðnum 4.  
nóv. f. á voru hin ákærðu, Arni Friðrik Jónsson bóndi í  
Furufirði og stjúpdóttir hans Kristjana Guðmundsdóttir  
sama staðar dæmd fyrir sífjaspell samkvæmt 163. gr.  
alm. hegningarlaga og hún ennfremur samkvæmt 193.  
gr. sömu laga fyrir að hafa deytt nýfætt barn sitt, í betr-  
unarhúsvinnu, ákærði í 12 mánuði og ákærða í 4 ár.  
Þau voru, eitt fyrir bæði og bæði fyrir eitt dæmd til að  
greiða allan málskostnað, þar með taldar 5 kr. til tals-  
manns þeirra Sigurðar Jónssonar kennara. Dómi þessum  
hefir af hálfu réttvísinnar verið skotið til yfirdómsins.

Ákærði, Arni Friðrik Jónsson, sem er fæddur 22.  
febrúar 1880, kvæntist haustið 1908 ekkjunni Elínu Jóns-

dóttur, átti hún 4 börn af fyrra hjónabandi, og er ákærða Kristjana Guðmundsdóttir eitt þeirra, fædd 29. sept. 1891; hefir hún alist upp með móður sinni og ávalt dvalið hjá henni nema veturinn 1911—1912, er hún var við yfirsetukvinnanám í Reykjavík.

Með játningu hinna ákærðu beggja er það sannað, að þau hafi átt holdlegt samræði þrisvar sumarið og haustið 1912 og varð hún vanfær af hans völdum. Um morguninn 6. ágúst f. á. fyrir fótaferðartíma fæddi ákærða sveinbarn í baðstofunni í Furufirði, án þess að aðrir, sem í baðstofunni voru, yrðu, að sögn þeirra, varir við það. Þegar móðir ákærðu kom á fætur um morguninn, sá hún að barnið lá í rúminu fyrir framan hana milli rúm-fatanna, var óskilið á milli og klipti Elín sundur nafla-strenginn með skærum er lágu á borði við rúm ákærðu; var barnið að, sögn hennar, þá sýnilega liðið og orðið hálfkalt; tók hún barnið, vafði það í fat og lét það í kassa út í skemmu; sá hún, er hún tók barnið, að garnirnar lágu úti á kvið þess, og að það hafði verið sært. Sama dag um kvöldið sendi ákærða bróður sinn með bréf til Ragnheiðar Jónsdóttur yfirsetukonu á Höfðaströnd og beiddi hana um krampameðal og helzt að koma sjálf, ef hún gæti. Fór Ragnheiður þegar til Furufjarðar og var þar 1<sup>1</sup>/<sub>2</sub> sólarhring; veitti hún ákærðu hjálp, er hún þarfnaðist og þvoði barnslikið; sá hún að tvö sár voru á hálsi barnsins og 1 á kviði. Yfirsetukonan sá sér eigi fært eða taldi sér eigi heimilt, kostnaðar vegna, að senda sýslumanni þegar í stað tilkynningu um þetta, en lét það bíða næstu póstferðar 20. ágúst með því að engin ferð var fyr. Brá sýslumaður þegar við og hóf rannsókn í málinu. Lét hann grafa upp barnslikið, sem hafði verið

jarðsett við bænhúsið í Furufirði og héraðslæknirinn gera líkskoðun á því. Fundust á líkinu 2 sár á hálsinum og 3 stungur á kviðnum og lá nokkuð af görnunum úti. Komst héraðslæknirinn að þeirri niðurstöðu, að barnið hafi eigi verið fullburða, en þó vantað lítið á það, að það hafi lifað eftir fæðinguna og að ytri áverki hafi valdið dauða þess, segir hann, að sárin bendi á, að þau séu af mannavöldum, gerð með bitverkfæri og ekki ólíklegt með skærum. Í álit, sem landlæknir, að tilhlutun yfir-dómsins hefir látið uppi í bréfi dags. 14. maí þ. á., felst hann í öllu verulegu á skoðun héraðslæknisins, og tekur fram, að barnið hafi fæðst lítið eitt, ekki fullum mánuði fyrir tímann, að það hafi fæðst lifandi og lifað eftir fæðinguna og haft nægan þroska til að geta haldið lífi, og að það hafi mist lífið, annaðhvort af holund þeirri, sem það var sært, eða ef til vill meðfram fyrir annan tilverknað, kyrkingu eða kæfingu. Héraðslæknirinn hefir þó í framhalds-skýrslu dags. 3. ágúst þ. á. lýst því yfir, að hann hafi eigi séð nein merki þess, að barnið hafi dáið köfnunar-dauða.

Um fæðinguna og meðferð hennar á barninu hefir ákærða skýrt svo frá: Hún fann fyrst líf með barninu um sumarmál. Um sumarið var hún við heyskap og tók það mjög nærri sér 2—3 dagana áður en hún átti barnið. Um kvöldið 5. ágúst var hún lasin með ógleði og uppköstum; hún háttaði um miðnætti og fann þá ekki til jóðsóttar; fæðingarhríðirnar byrjuðu ekki, að því er hún hyggur, fyrir en farið var að birta og barnið fæddist kl. 5—6 um morguninn. Ákærðu fanst hjarta barnsins slá, en heyrði ekki hljóð í því. Hún ætlaði að klippa sundur naflastrenginn með skærum, er lágu á

borði við rúm hennar, og heldur hún, að við það hafi barnið særst á kviðnum og hálsinum; ætlaði hún að sér hefði tekist að klippa naflastrenginn, en vissi eigi að hún hafði sært barnið; var hún mjög óstyrk meðan hún var að þessu. Þegar ákærða tók jóðsóttina ásetti hún sér að deyða barnið og ætlaði hún að gera það með því að klippa sundur naflastrenginn. Hún hugsaði ekki neitt verulega um verknaðinn áður, af því að hún bjóst við, að talsvert væri eftir af meðgöngutímanum, og skaut því öllum hugsunum um það á frest. Skærin, sem lágu á borðinu, hafi hún áreiðanlega ekki látið þar, en þau hafi verið þar af tilviljun. Þessum framburði hefir ákærða við síðari próf breytt að því leyti, að hún fullyrðir, að sér hafi eigi hugkvæmst að deyða barnið áður en hún tók jóðsóttina, hún hafi skotið öllum hugsunum um það hvað hún hafi átt að gera út af ástandi sínu, á frest. Þessi skýrsla ákærðu um meðferð hennar á barninu, kemur heim við það, sem fram er komið við læknisrannsóknina og við framburð vitnanna Elínar Jónsdóttur og Ragnheiðar Jónsdóttur, sem einar hafa getað borið um þetta atriði. Það má því telja nægilega sannað, að barnið hafi fæðst lifandi, að það hafi lifað eftir fæðinguna og að ákærða hafi með skærum veitt því áverka á kviðinn, er varð því að bana. Það virðist og eiga að byggja á þeim framburði ákærðu, að hún hafi eigi fyr en hún tók jóðsóttina ásett sér að deyða barnið og að hún hafi ætlað að gera það með því, að klippa naflastrenginn, en eigi ætlað að særa barnið. En hinsvegar virðist eiga að líta svo á, að þó að verknaður ákærðu til að deyða barnið yrði með öðrum hætti en hún ætlaðist til, þá geti það

eigi dregið úr sekt hennar, en verknaðinn verði að telja fullnað ásetningsbrot.

Ákærða kvartaði um það í fyrnefndu bréfi til Ragnheiðar Jónsdóttur yfirsetukonu, að hún væri slæm af krampa, en yfirsetukonan varð þess eigi vör, er hún vitjaði ákærðu, að hún væri krampaveik, og eigi heldur móðir ákærðu. Það er því eigi ástæða til að ætla, að svo mikil brögð hafi verið að þeim veikleika, að ákærða hafi eigi verið með fullri rænu, þegar hún framdi verknaðinn; á það bendir og það, að ákærða hélt niðri í sér hljóðunum í fæðingarhríðunum, til þess að fólkið í baðstofunni vaknaði ekki.

Ákærði hefir lýst því yfir, að hann efist ekki um, að hann sé faðir að barni ákærðu, en hann tjáist ekki hafa vitað að hún var barnshafandi, fyr en eftir að barnið fæddist. Þá fékk hann bróður sinn til að gangast við faðerni barnsins og virðist þetta faðerni hafa verið tilkynt sóknarprestinum. Hin ákærðu hafa eigi sætt refsingu fyrir neitt brot. Framangreint afbrot ákærða ber að heimfæra undir 163. gr. fyrri málsgr. alm. hegningarlaga, og afbrot ákærðu undir 163. síðari málsgrein og 193. gr. fyrri málslið sömu laga, og þykir mega ákveða hegninguna, er þeim ber að sæta, betrunarhússvinnu, honum í 8 mánuði, henni í 3 ár. Svo verða hin ákærðu og að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði, eins og hann er ákveðinn í aukaréttardóminum, og fyrir yfirdómi, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda þar, 15 kr. til hvors þeirra.

Það vottast, að rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og málfærslan við yfirdóminn lögmat.

## Því dæmist rétt vera:

Hin ákærðu sæti betrunarhússvinnu, Árni Friðrik Jónsson í 8 mánuði og Kristjana Guðmundsdóttir í 3 ár. Þau greiði allan kostnað af málinu og áfryjun þess, þar með talin varnarlaun til talsmanns þeirra í héraði Sigurðar Jónssonar kennara 5 kr. og málflutningslaun sækjanda og verjanda við yfirdóminn, Eggerts Claessens og Odds Gíslasonar yfirréttarmálaflutningsmanna 15 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 19. okt.

Nr. 59/1913

L'Azote organique  
J. P. Brillouin & Co.  
gegn  
Sigurði Lýðssyni.

D ó m u r :

Sigurður Lýðsson yfirréttarmálaflutningsmaður höfðaði mál þetta fyrir gestarétti Vestmannaeyjasýslu gegn Gunnari Egilsson fyrir hönd firmans J. P. Brillouin & Co. til greiðslu á skuldakröfu að upphæð kr. 743,60, er hann hafði fengið sér framselda 3. júní f. á. til eignar og umráða frá Lyder Höyðal í Vestmannaeyjum, svo og til greiðslu vaxta og málskostnaðar. Með dómi uppkveðn-